

Dagskrá mánaðarins

| | |
|------------------------------|---------------|
| Íþróttæfing við Þjórsárver | 1. ágúst |
| Boltaæfing við Þjórsárver | 2. ágúst |
| Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn | 3.-5. ágúst |
| Skrifstofa Flóahrepps lokuð | 6.-10. ágúst |
| Íþróttæfing við Félagslund | 7. ágúst |
| Íþróttæfing við Þjórsárver | 8. ágúst |
| Ágústvaka Umf. Vöku | 9. ágúst |
| Íþróttæfing við Félagslund | 14. ágúst |
| Íþróttæfing við Þjórsárver | 15. ágúst |
| Boltaæfing við Þjórsárver | 16. ágúst |
| Samhygð-Vaka í Þjórsárveri | 19. ágúst |
| Íþróttæfing við Félagslund | 21. ágúst |
| Íþróttæfing við Þjórsárver | 22. ágúst |
| Boltaæfing við Þjórsárver | 23. ágúst |
| Flóamót í Félagslundi | 25. ágúst |
| Reiðtúr Umf. Vöku | 2. september |
| Ball í Félagslundi | 29. september |



Áveitan



5. tbl. ágúst 2007. 1. árg.

Útgefendur: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Ábyrgðarmenn: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Samhygðar og Vökumót

Hið árlega Samhygðar og Vökumót verður í ár haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver, sunnudaginn 19. ágúst n.k. Keppnin hefst stundvíslega klukkan 13.00 en æskilegt er að mæta tímanlega til að skrá sig og e.t.v. hita eitthvað upp. Keppt verður í eftirfarandi greinum á mótinu:

Karlar: 100m-langstökk-kúluvarp-kringlukast-hástökk-prístökk-800m.

Konur: 100m-langstökk-kúluvarp-spjót kast-hástökk-prístökk-800m.

Að keppni lokinni verða kaffiveitingar í Þjórsárveri auk verðlaunaafhendinga.

Við hvetjum alla til að mæta, ef ekki til að keppa þá til að hjálpa til eða fylgjast með spennandi keppni milli félaganna.

Frá sveitarstjóra

Söfnun á rúlluplasti

Rúlluplasti verður næst safnað 1. september og 15. september.

1. september verður farið niður Gaulverjabæjarveg, byrjað í Bár um kl. 9.00 og þaðan sem leið liggur að Hellum, til baka um Hamarsveg að Þjórásarveri, Mjósyndi og að Hellum aftur.

15. september verður byrjað um kl. 9.00 í Súluholti og farið að Hurðar-baki, þaðan að Urriðafossi, Hjálmholti niður gamla Hraungerðishreppinn og endað í Laugardælum.

Vatnssparnaður

Sökum mikilla þurrka í sumar er farið að örla á vatnsskorti í sveitarfélaginu.

Það er vinsamleg ábending til þeirra sem eru með sírennsli í úthögum fyrir skepnur að fylla ílát eða kynna sér aðrar lausnir til brynningar. Sími hjá vatnsveitu er 862-6848.

Húsaleigubætur

Þeir aðilar sem hyggjast sækja um húsaleigubætur þurfa að skila umsókn á skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði og gildir umsóknin til áramóta hvers árs. Umsóknareyðublað liggja m.a. frammi á skrifstofu. Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almannaksár og þarf endurnýjun umsóknar að eiga sér stað í síðasta lagi 16. janúar ár hvert. Með umsókn þarf að fylgja frumrit þinglýsts húsaleigusamnings, ljósrit af staðfestum skattframtölum síðasta árs frá þeim sem eiga lögheimili í íbúðinni og launaseðlar þriggja síðustu mánuða.

Óskað er eftir því að þeir nemendur, sem njóta húsaleigubóta, tilkynni ef breytingar verða á þeirra aðstæðum s.s. ef leigu lýkur fyrr en leigusamningur segir til um.

Flóamót í Félagslund

Þann **25. ágúst** fer fram Flóamót Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku í frjálsum íþróttum barna 14 ára og yngri. Mótið fer fram á íþróttavellinum við Félagslund og hefst keppni stundvíslega kl. 13:30. Flokkaskipting og keppnisgreinar eru sem hér segir:

Hnátur og hnokkar 10 ára og yngri.

60 m, langstökk og 400 m.

Strákar og stelpur 11 til 12 ára.

60 m, langstökk, kúluvarp og 400 m.

Piltar og telpur 13 til 14 ára

100 m, langstökk, kúluvarp og 800 m.

Sameiginlegt lið allra flokka: 10x 60 m boðhlaup.

Nú er um að gera fyrir félögin að safna liði og heyja síðan skemmtilega og spennandi keppni.

Kettlingar

Í Skólatröð eru tveir átta vikna gamlir kettlingar sem óska eftir góðu heimili. Þeir eru kassavanir. Þeir eru báðir strákar. Sérlega barngóðir og miklir knúsarar. Vinsamlegast hafið samband við Kristínu í gsm síma 663-5720.

Kæru sveitungar

Ég sendi ykkur innilegar þakkir fyrir þann hlýhug sem þið sýnduð mér í tilefni afmælis míns, þann 24. júlí. Megi lífið leika við ykkur öll um ókomin ár.

Þorbjörg Vilhjálmsdóttir

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með Vicon samstæðu með söxun og netbindingu. 700 kr. rúllan án plasts eða 1000 kr. með plasti.

Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson
Jaðarkoti

Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Eins og áður hefur komið fram keypti Búnaðarfélagið málningardælu nú í vor. Dæluna má nota bæði úti og inni hvort sem mála á stein, þakjárn, litaða klæðningu eða til að fúaverja grindverkið. Afköst geta verið mikil og er því gott að undirbúa sig vel áður en byrjað er að sprauta. Ef málað er með olíumálningu þarf að vera til nægilegt magn af terpentínu til að hreinsa með eftir notkun, en sé notuð akríl- eða önnur vatnsmálning er volgt sápuvatn notað til hreinsunar. Dælan verður leigð út gegn mjög vægu tímagjaldi. Er það von okkar að sem flestir geti nýtt sér dæluna og létt sér þannig viðhaldsvinnuna og bætt um leið ásýnd húsa sinna. Umsjón með málningardælunni hefur Kristján í Forsæti í síma 862-7532.

Einnig er kominn í notkun nýr staurabor sem félagið festi kaup á í vor. Borinn er festur á ámoksturstæki og vökvadrifinn. Borinn passar á langflestar gerðir nýlegra ámoksturstækja og er mjög einfaldur í notkun og afkastamikill. Umsjón með staurabornum hefur Ólafur á Hurðarbaki í síma 695-0814.

Stjórnin

Unglingavinnan

Unglingavinnunni lauk 19. júlí s.l. með pylsupartíi og baðferð í heitu pottana við Þingborg.

Guðmundur Jón, umsjónarmaður fasteigna hafði umsjón með starfi unglingavinnunnar í sumar.

Um 10 unglingar voru við vinnu í sex vikur við slátt og snyrtingu svæða við Félagslund og Gaulverjaskóla, Þjórsárver og Þingborg.

Þau stóðu sig vel og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir störf sín.

Lokun skrifstofu

Skrifstofa sveitarfélagsins í Þingborg verður lokuð 6.-10. ágúst vegna sumarleyfa.

Hross í óskilum

Enn er í óskilum á Egilsstöðum II, brúnt mertryppi, hvorki markað né örmerkt. Allar frekari upplýsingar veitir Guðsteinn í síma 891-8856.

Álagningarskrá 2007

Álagningarskrá einstaklinga 2007 liggur frammi til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins frá 31. júlí til og með 14. ágúst n.k

Heimilishjálp

Flóahreppur auglýsir eftir starfskrafti í heimilishjálp frá og með 1. september n.k. Um er að ræða hlutastarf við þrif í heimahúsum.

Upplýsingar gefur Margrét á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 482-3260 frá kl. 9.00-13.00 alla virka daga eða á netfanginu floahreppur@floahreppur.is

Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka Erlingi Snæ fyrir áskorunina í síðasta mánuði. Ég hef nú ekki frá neinu merkilegu að segja þar sem ég er nú frekar ungur að árum en ég hef stundum verið kallaður átvagl. Það er bæði fyrir hvað ég get látið ofan í mig af mat og hversu hratt hann kemst niður. Hef ég tekið þátt í nokkrum kappátskeppnum í skólanum og unnið þær allar, súrmats-, kókosbollu- og skyrátskeppni. Ég var nú ekki talinn sigurstranglegur fyrirfram þar sem ég er nú hvorki hávaxinn né breiður. Það verða nú líklega ekki haldnar fleiri keppnir af þessu tagi meðan ég er ennþá í skólanum. Ég borða allan mat og mikið af honum en hákarl er ekki matur.

Rétt áður en ég skora á Ernu Jóhannsdóttur nágrannakonu mína langar mig að gefa upp uppskrift að góðum eftirrétti úr matreiðslubók frá mömmu:

- 1 stór poki Nóakropp
- 1 botn púðursykurmarengs
- 3-4 kókosbollur
- 1-2 bakkar jarðarber (eða bláber)
- 2 pelar rjómi

Setjið botnfylli af Nóakroppi í skál eða form, þeytið rjómann hyljið Nóakroppið með helmingnum af rjómanum. Myljið marengsbotninn og setjið ofaná, næst eru kókosbollurnar, dreifið úr þeim með gaffli. Skerið jarðaberin í litla bita og dreift yfir. Setja hinn helminginn af rjómanum yfir allt saman, geymist í kæli í nokkrar klukkustundir.

Haraldur Einarsson, Urriðafossi

Úrslit Samhygðarfólks á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi

Lið HSK sem náði 2. sæti í heildarstigakeppni Landsmóts UMFÍ sem fór fram í Kópavogi 5. – 8. júlí var að sjálfsögðu skipað Samhygðarfólki sem stóð sig með þrýði.

Eftirtaldir tóku þátt:

Anný Ingimarsdóttir keppti með kvennaliði HSK í blaki sem hafnaði í 3. sæti.

Jón M. Ívarsson náði 3. sæti ásamt 5 öðrum í stafsetningu Kristinn Þór Kristinsson keppti í 800 m hlaupi en komst ekki í úrslit.

Markús Ívarsson tók þátt í götuhlaupi, Stefán Geirsson sigraði +90 kg flokk í glímu og lenti í 6. sæti í kúluvarpi.

Unnur Stefánsdóttir keppti í pönnukökubakstri og hafnaði í 14. sæti.

Formaður

Síðustu æfingar hjá Vöku og Samhygð

Síðustu frjálsíþróttaæfingar sumarsins verða þriðjudaginn 21. ágúst (Samhygð) og miðvikudaginn 22. ágúst (Vaka).

Hvet sem flesta til að mæta á þær æfingar sem eftir eru en þær eru á þriðjudagskvöldum í Félagslundi frá 20:00-21:30 og í Þjórsárveri á miðvikudagskvöldum frá 20:00-21:30.

Hulda

Frá Flóaskóla

Nú stendur yfir vinna við ráðningar kennara, en eins og áður hefur komið fram hafa þau mál gengið hægar fyrir sig en oft áður. Nýverið var auglýst enn á ný eftir kennurum og hafa nú nokkrar umsóknir og fyrirspurnir borist skólastjóra.

Kennarar hafa í sumar sótt endurmenntunarnámskeið. Mánudaginn 20. ágúst fara kennarar á námsefniskynningu til Reykjavíkur og kynna sér nýtt og endurútgefið námsefni og aðrar nýjunar í kennslugögnum. Kennarar mæta formlega til starfa þriðjudaginn 21. ágúst og vinna þá fjóra starfsdaga áður en nemendur mæta í skólann.

Skólasetning er mánudaginn 27. ágúst kl. 16:00 í félagsheimilinu Þjórsárveri. Eftir skólasetningu fara nemendur í kennslustofur sínar ásamt umsjónarkennurum og fá afhentar stundaskrár. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 28. ágúst. Þegar líða fer á ágúst mánuð verða tilkynningar settar á heimsíðu Flóahrepps og nemendur fá auk þess sent bréf um skólabyrjun ásamt skóladagatali.

6 nemendur hefja nám í 1. bekk í haust, en auk þess hafa 5 nýir nemendur verið skráðir í skólann. Útlit er fyrir sambærilegan nemendafjölda og síðustu ár þó heldur sé útlit fyrir fjölgun nemenda en fækkun.

Unnið er að skipulagi sundkennslu og fljótlega skýrist í hvaða sundlaug verður kennt.

Forráðamenn geta beint öllum spurningum varðandi skólabyrjun eða skipulag skólaársins til undirritaðrar.

Með bestu kveðjum,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.
floaskoli@floaskoli.is, gsm 663-5720.

Gaulverjar nær og fjær sameinist !!!

Skapast hefur sú hefð að einu sinni á ári kemur fólk saman í Félagslundi til þess eins að fagna því með sjálfu sér og öðrum að það hefur á einhvern hátt tengingu við Gaulverjabæjarhrepp hinn forna.

Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða núverandi ábúendur, brottflutta, fólk sem var í sveit í hreppnum, fólk sem á skyldfólk eða vini úr hreppnum, fólk sem skemmti sér alltaf rosalega vel á böllum í hreppnum, eða bara þá sem vilja hitta hresst fólk, allir eru velkomnir.

Þann 29. september nk. verður haldið BALL í Félagslundi undir þessum formerkjum.

Dansleikurinn hefst kl. 22:00 og eru allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Miðaverð er kr. 2.000.-

Maggi og Leifur úr Klaufunum ætla að halda fólki á dansgólfinu til kl. 02:00 og má fastlega gera ráð fyrir að nú verði aðsóknarnet slegið og allir skemmti sér sem aldrei fyrr !!

MÆTUM ÖLL, ÞAÐ VERÐUR GAMAN !!!!

Nánari upplýsingar veitir undirbúningsnefnd en hana skipa:
Margrét Kr. Gunnarsdóttir sími 849 1687 (Magga í Selja)
Valdimar Guðjónsson sími 862 9380 (Valdí í Bæ)
Erla Sigríður Guðjónsdóttir sími 695 2705 (Sigga í Bæ)
Eyjólfur Pálmarsson sími 895 2285 (Eyfi á Hllum)
Þóra Bjarney Jónsdóttir sími 861 8972 (Bjarney á Velli)

Fréttir frá Umf. Vöku

Ágústvaka

Fimmtudagskvöldið 9. ágúst verður enn á ný blásið til ágústvöku í Þjósárveri á vegum ungmennafélagsins. Gleðin byrjar klukkan 20:30 með óhefðbundinni starfsíþróttakeppni þar sem keppt verður um titilinn “Starfsíþróttamaður ársins”. Titlinum fylgir farandbikar og er því til mikils að vinna. Að keppninni lokinni getur hver og einn sett mat frá sér á grillið og notið kvöldsins í góðra vina hópi.

GÓ

Úrslit af Landsmóti

Vaka átti alls 9 keppendur á Landsmóti UMFÍ sem var haldið í Kópavogi 5.-8. júlí sl. Allir stóðu sig með þryði og eignuðumst við 3 landsmótsmeistara sem er frábær árangur hjá okkar litla félagi. Hér koma árangrar okkar fólks:

| Nafn: | Grein: | Árangur: | Sæti: |
|-----------------------------|-----------------|-------------|-------|
| Guðbergur Kristjánsson | 200 m hlaup | 26,37 sek | 19. |
| Haraldur Einarsson | 400 m hlaup | 53,30 sek | 9. |
| | 100 m hlaup | 11,82 sek | 10. |
| | Langstökk | 5,94 m | 10. |
| | 4x100 m boðhl. | 45,80 sek | 5. |
| | 1000 m boðhl. | 2:07,89 mín | 6. |
| | Knattspyrna | | 1. |
| Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. | Stafsetning | 6 villur | 15. |
| Fanney Ólafsdóttir | Langstökk | 4,67 m | 14. |
| | Kringlukast | 27,37 m | 7. |
| | Pönnuk.bakstur | 92,6 stig | 5. |
| Jón Valgeir Geirsson | Dráttarv.akstur | 98 stig | 1. |
| Sigmar Örn Aðalsteinsson | Dráttarv.akstur | 92,5 stig | 4. |
| Gróa V. Ingimundard. | Jurtagreining | 37 stig | 1. |
| Þórunn Kristjánsdóttir | Jurtagreining | 36 stig | 5. |
| Kristín Stefánsdóttir | Jurtagreining | 36 stig | 4. |

Reiðtúrin

Sunnudaginn 2. september er áætlað að fara í ungmennafélagsreiðtúrin. Hittst verður hjá Þjósárveri kl. 13:30 og þaðan

riðið í skógræktargirðinguna í Skagás. Stoppað verður þar dágóða stund og því ekki verra að hver og einn komi með nesti handa sjálfum sér. Eins og undanfarin ár verður hægt að fá lánuð hross á Egilsstöðum I. Þeir sem vilja að nýta sér þá þjónustu þurfa að hafa samband með fyrirvara við Ólaf eða Christiane í síma 567-6268.

Með von um að þetta verði hin besta skemmtun fyrir hesta og menn.

GÓ

Vökumenn!!

Á síðasta ári töpuðum við á Samhygðar og Vökumóti með naumindum eftir að hafa unnið á sjálfan keppnisdaginn. Nú verður tekið á því, allir að mæta á mótið til að keppa og hvetja sína menn áfram. Þetta er elsta mót á Íslandi sem haldið hefur verið frá ári til árs án þess að sleppt hafi verið úr móti og því mikill heiður undir. Sýnum hvað í okkur býr, ÁFRAM VAKA. E.s. Síðasta sameiginlega æfingin fyrir mótið verður miðvikudaginn 15. ágúst í Þjósárveri.

Formaður

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Jæja, þá er að koma að haustferðinni okkar sem verður farin 14.-16. ágúst næstkomandi til Akureyrar. Áætlað er að fara af stað kl. 10.00 þann 14. ágúst og koma heim seinni partinn þann 16. Nánari tilhögun er ekki ákveðin.

Vinsamlega munið eftir að staðfesta þátttöku fyrir 3. ágúst til Sólveigar í síma 482 2553 eða 869 6534.

Sjáumst sem flestar.

Skemmtinefndin.